

# Inngangur að heimspeki

## Heimspeki 2AA05

Heimspeki er grein sem hefur eins og nafnið gefur til kynna allan heiminn að viðfangi. Heimspekileg iðkun snýst um að velta upp spurningum og hugleiða möguleg svör í samtali við aðra. Heimspeki fer fram með samræðum milli manna þar sem hugmyndir og hugtök eru skoðuð og skilgreind. Skoðun á heiminum gengur út frá hugmyndum og hugtökum, þær eru forsendur fræðanna og hafa áhrif á skilninginn. Því er mikilvægt bæði að gera sér grein fyrir þessu hlutverki heimspekinnar en einnig að þjálfast í hugsun og umræðu um hugmyndir og hugtök til að verða betur í stakk búin að takast á við verkefni hins upplýsta rannsakanda í lífinu.

**Markmið** áfangans er að opna heimspeki fyrir ungu fólki með því að skapa vettvang til að þæla saman í heimspekilegum spurningum um lífið og tilveruna, tengja þær við menningarlegt umhverfi sitt, þjálfast í rökraðum og fá aðhald og stuðning við lestur á textum.

### **Viðfangsefni áfangans:**

Nemendur lesa brot úr frumtextum eftir Platon, Aristóteles, Descartes, Hume, Kant, Mill og Sartre. Dæmi um heimspekileg vandamál sem tekin verða til skoðunar eru: Hvað gerir mig að mér? eru aðrir til? Er til æðri veruleiki? Hvað er raunveruleiki? Hvað er þekking? Hver er tilgangur lífsins? Hvað er feegurð? Eðli, veruleiki, sýnd, reynd, rök, skynsemi, réttlæti, frummyndir, orsök, reynsla, vani, vissa, efi, sjálfsvitund, hamingja, ábyrgð, frelsi, þroski, gildi, hugsun. Og fleira.

### **Námstilhögun:**

Stefnt er að skapandi verkefnum, frjálsum efnistöfum, rökstuðningi, samtali, frumkvæði og námi sem sprettur af eigin áhuga og löngun til að þroska hugsun um heiminn.

### **Námsmat:**

Mæting, þátttaka, sókratísk samræða, heimspeki í umhverfinu, heimspekipæling, lokapróf.

**Undanfari:** Opið öllum nemendum á öllum brautum

**Námsefni:** *Frumtextar í heimspeki I* – eftir Guðrúnu Hólmgeirsdóttur. Tilraunaútgáfa.